

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) 2017/1369

frá 4. júlí 2017

um setningu ramma fyrir orkumerkingar og um niðurfellingu tilskipunar 2010/30/ESB

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFU,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 194. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af álitum efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ⁽¹⁾,

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ⁽²⁾,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Sambandið hefur einsett sér að byggja upp orkusamband með framsýna umhverfisstefnu. Orkunýtni er mikilvægur hluti af loftslags- og orkurammanum sem gildir fram til ársins 2030 og er lykilatriði í því að takmarka eftirspurn eftir orku.
- 2) Orkumerkingar gera viðskiptavinum kleift að taka upplýstar ákvarðanir á grunni orkunotkunar orkutengdra vara. Upplýsingar um orkunýtnar og sjálfbærar orkutengdar vörur eru umtalsvert framlag til orkusparnaðar og við að lækka orkureikninga, samhlíða því að ýta undir nýsköpun og fjárfestingu í framleiðslu á orkunýtnari vörum. Umbætur á orkunýtni orkutengdra vara með upplýstu vali neytenda og samræmingu tengdra krafna á sviði Sambandsins er einnig til hagræðis fyrir framleiðendur, iðnaðinn og efnahag Sambandsins í heild.
- 3) Framkvæmdastjórnin kannaði skilvirkni tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB ⁽³⁾ og greindi þörf fyrir að uppfæra rammann um orkumerkingar til að bæta skilvirkni hans.
- 4) Rétt þykir að í stað tilskipunar 2010/30/ESB komi reglugerð sem í meginatriðum hefur sama gildissvið en breytir og eykur við sum af ákvæðunum til að skýra og uppfæra innihald þeirra, með tilliti til þeirra tækniframfara í orkunýtni vara sem náðst hafa á undanförunum árum. Þar eða orkunotkun flutningatækja fyrir menn eða vörur er reglubundin með beinum og óbeinum hætti í annarri löggjöf

⁽¹⁾ Stjtið. ESB C 82, 3.3.2016, bls. 6.

⁽²⁾ Afstaða Evrópuþingsins frá 13. júní 2017 (hefur enn ekki verið birt í *Stjórnartíðindunum*) og ákvörðun ráðsins frá 26. júní 2017.

⁽³⁾ Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum (Stjtið ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1).

og stefnu Sambandsins þykir rétt að halda áfram að undanþiggja þau frá gildissviði þessarar reglugerðar, þ.m.t. flutningatæki með hreyfli sem haldast á sama stað á meðan á notkun standur, s.s. lyftur, rúllustigar og færribönd.

- 5) Rétt þykir að skýrt komi fram að allar vörur sem settar eru á markað Sambandsins í fyrsta skipti, þ.m.t. notaðar innfluttar vörur, ættu að falla undir gildissvið þessarar reglugerðar. Hins vegar ættu vörur, sem eru boðnar fram á markaði Sambandsins í annað sinn eða oftar, ekki að teljast með.
- 6) Reglugerð er viðeigandi lagagerningur það eð hún leggur á skýrar og nákvæmar reglur sem fyrirbyggja sundurleitni í lögleiðingu aðildarríkjanna og tryggir þannig meiri samræmingu í Sambandinu öllu. Samræmdur regluramma á vettvangi Sambandsins frekar en aðildarríkjanna dregur úr kostnaði fyrir framleiðendur, tryggir jöfn samkeppnisskilyrði og tryggir frjálsa vöruflutninga á innri markaðnum.
- 7) Takmörkun á eftirspurn eftir orku er viðurkennd sem lykilaðgerð í Evrópsku stefnuáætluninni um orkuöryggi sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 28. maí 2014. Í rammaskipulagi orkusambandsins sem sett er fram í orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar frá 25. febrúar 2015 er enn fremur lögð áherslu á meginregluna um orkunýtni og þörfina á að framkvæma að fullu núgildandi orkulög Sambandsins. Vegvísir fyrir rammaskipulag orkusambandsins sem settur er fram í þeirri orðsendingu kvað á um endurskoðun rammaskipulags fyrir orkunýtni vara árið 2015. Þessi reglugerð bætir laga- og framkvæmdaramma fyrir orkumerkingar.
- 8) Að bæta nýtni orkutengdra vara í gegnum upplýsta ákvörðun viðskiptavina er ávinningur fyrir hagkerfi Sambandsins, dregur úr orkuþörf og sparar viðskiptavinum fjárútlát vegna orkureikninga, stuðlar að nýsköpun og fjárfestingu í orkunýtni og gerir atvinnugreinum kleift að þróa og framleiða skilvirkustu vörurnar til að öðlast samkeppnisyfurburði. Þetta stuðlar einnig að því að markmið Sambandsins um orkunýtni fyrir 2020 og 2030 náist, auk markmiða Sambandsins um umhverfis- og loftslagsbreytingar. Með bættri skilvirkni er enn fremur stefnt að jákvæðum áhrifum á umhverfisárangur orkutengdra vara og hluta þeirra, þ.m.t. notkun annarra auðlinda en orku.
- 9) Með þessari reglugerð er stuðlað að þróun, viðurkenningar af hálfu viðskiptavina og markaðssetningu orkusnjallra vara sem hægt er að virkja til að hafa samskipti við önnur tæki og kerfi, þ.m.t. orkudreifikerfi, í því skyni að bæta orkunýtni eða upptöku endurnýjanlegrar orku, draga úr orkunotkun og stuðla að nýsköpun á sviði iðnaðar í Sambandinu.
- 10) Ef veittar eru nákvæmar, viðeigandi og samanburðarhæfar upplýsingar um sértæka orkunotkun orkutengdra vara ætti það að verða til þess að viðskiptavinir kjósi frekar vörur sem nota minni orku og önnur mikilvæg aðföng. Staðlaður lögboðinn merkimiði fyrir orkutengdar vörur er skilvirk aðferð til að koma samanburðarhæfum upplýsingum um orkunýtni orkutengdra vara til mögulegra viðskiptavina. Vöruupplýsingablað skal fylgja með merkimiðanum. Merkimiðinn skal vera auðþekktanlegur, einfaldur og hnitmiðaður. Í því skyni skal núverandi litakvarða merkimiðans, frá dökkgrænum yfir í rauðan, viðhaldið sem grunni til að upplýsa viðskiptavini um orkunýtni vara. Til þess að merkimiðinn nýtist í raun þeim viðskiptavinum sem sækjast eftir orkusparnaði og kostnaðarlækkun, ættu þrep kvarðans að samsvara verulegum orkusparnaði og kostnaðarlækkun fyrir viðskiptavini. Fyrir meirihluta vöruflokka ætti merkimiðinn, þar sem við á, auk kvarðans einnig að gefa til kynna heildarorkunotkun til þess að gera viðskiptavinum kleift að sjá fyrir hvaða beinu áhrif val þeirra hefur á orkureikninga þeirra. Þó er ekki mögulegt að veita sömu upplýsingar að því er varðar orkutengdar vörur sem sjálfar nota ekki orku.
- 11) Sýnt hefur verið fram á að flokkun með bókstöfum frá A til G er kostnaðarhagkvæm fyrir viðskiptavini. Ætlunin er að samræmd beiting flokkunarinnar þvert á vöruflokka auki gagnsæi og skilning á meðal viðskiptavina. Við aðstæður þar sem ekki er hægt að flokka vörur í flokka „E“, „F“ eða „G“ vegna ráðstafana í tengslum við vistarhæðun samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB (1), skulu þessir flokkar engu að síður sýndir á merkimiðanum í gráum lit. Í sérstökum undantekningartilvikum og í tilhlýðilega rökstuddum tilvikum, t.d. ef sparnaður er ófullnægjandi yfir allt svið flokkanna sjö, ættu að geta verið færri flokkar á merkimiðanum en vanalegi kvarðinn frá A til G. Í þessum tilvikum ætti að halda litakvarða merkimiðans, frá dökkgrænum yfir í rauðan, fyrir þá flokka sem eftir eru og skal hann eingöngu gilda um nýjar vörur sem settar eru á markað eða teknar í notkun.

(1) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB frá 21. október 2009 um ramma til að setja fram kröfur varðandi vistarhæðun að því er varðar orkutengdar vörur (Stjtið. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10).

- 12) Þegar birgir setur vöru á markað ætti að fylgja hverri vöruveiningu merkimiði úr pappír sem uppfyllir kröfurarnar í viðkomandi framseldri gerð. Í viðeigandi framseldri gerð ætti að setja fram árangursrikustu leiðina við framsetningu merkimiðanna, með hliðsjón af því hvað hún felur í sér fyrir viðskiptavinum, birgja og seljendur, og þar má kveða á um að merkimiðinn sé prentaður á umbúðir vörunnar. Seljandinn ætti að birta merkimiðann sem fylgir með vöruveiningu, staðsettan eins og krafist er í viðkomandi framseldri gerð. Merkimiðinn ætti að vera auðsýnilegur og auðgreinanlegur sem merkimiðinn sem tilheyrir vörunni sem um er að ræða án þess að það þurfi að lesa tegundarheiti og tegundarnúmer á merkimiðanum og hann ætti einnig að vekja athygli viðskiptavinar sem skoðar vöruna.
- 13) Án þess að það hafi áhrif á skyldu birgis til að leggja fram prentaðan merkimiða með hverri vöruveiningu, kunna framfarir í stafrænni tækni að gera það kleift að nota rafræna merkimiða til viðbótar við prentaða orkumerkimiðann. Seljandi ætti einnig að geta halað vöruupplýsingablaðinu niður úr vörugagnagrunninum.
- 14) Þar sem ekki er gerlegt að sýna orkumerkimiða, t.d. í ákveðnum tegundum fjarsölu, sjónrænum auglýsingum og tæknilegu kynningarefni, ætti a.m.k. að veita mögulegum viðskiptavinum upplýsingar um orkuflokk vörunnar og þá orkunýtniflokka sem finna má á merkimiðanum.
- 15) Framleiðendur bregðast við orkumerkimiðanum með því að þróa og setja á markað sífellt orkunýtnari vörur. Samhliða hafa þeir tilhneigingu til að hætta framleiðslu á vörum með verri orkunýtni með hvatningu frá lögum Sambandsins varðandi vishönnun. Þessi tæknipróun leiðir til þess að meirihluti vörutegunda tilheyrir hæstu flokkum á orkumerkimiðanum. Frekari vöruaðgreining getur reynst nauðsynleg til að gera viðskiptavinum kleift að gera tilhlýðilegan samanburð á vörum, sem leiðir til þess að breyta þarf kvarða merkimiða. Í þessari reglugerð ætti því að mæla fyrir um ítarlegt fyrirkomulag við breytingu á kvarða í því skyni að hámarka réttarvissu birgja og seljenda.
- 16) Að því er varðar nokkra merkimiða sem komið var á fót með framseldum gerðum sem voru samþykktar í samræmi við tilskipun 2010/30/ESB eru vörur eingöngu eða að mestu fáanlegar í efstu flokkunum. Þetta dregur úr árangri merkimiðanna. Flokkar á fyrirliggjandi merkimiðum hafa mismunandi kvarða eftir vöruflokkum, þar sem hæsti flokkurinn getur verið einhvers staðar á milli flokks A og A+++ . Þegar viðskiptavinir bera saman merkimiða mismunandi vöruflokka gætu þeir því leiðst til að halda að betri orkuflokkar séu til fyrir tiltekinn merkimiða en þeir sem eru til sýnis. Til að koma í veg fyrir hugsanlegan rugling af því tagi þykir rétt í fyrstu að breyta kvarða fyrirliggjandi merkimiða í því skyni að tryggja einsleitun kvarða frá A til G fyrir þrjá vöruflokka samkvæmt þessari reglugerð.
- 17) Orkumerkingar á vörur til rýmis- og vatnshitunar voru einungis nýlega teknar upp og tækniframfarir í þessum vöruflokki ganga tiltölulega hægt fyrir sig. Með núverandi merkingarkerfi er gerður skýr greinarmunur á tækni sem notast við hefðbundið jarðefnaeldsneyti og er í besta falli í flokki A, og tækni sem notast við endurnýjanlega orku sem er oft umtalsvert dýrari, og flokkar A+, A++ og A+++ eru fráteknir fyrir. Umtalsverður orkusparnaður næst nú þegar með skilvirkustu tækni á sviði jarðefnaeldsneytis, sem myndi gera það við hæfi að kynna hana áfram sem tækni í flokki A. Í ljósi þess að markaður fyrir vörur til rýmis- og vatnshitunar er líklegur til að þökast hægt í átt að endurnýjanlegri orkugjöfum er viðeigandi að breyta kvarða orkumerkimiða fyrir þessar vörur seinna.
- 18) Þegar upphaflegri breytingu á kvarða er lokið ætti að ákvarða tíðni frekari breytinga með vísun í hundraðshluta seldra vara sem eru í hæstu flokkunum. Við frekari breytingu á kvarða ætti að taka tillit til þess hversu hratt tækniframförum vindur fram og nauðsynjar þess að komast hjá of miklu álagi á birgja og seljendur, einkum lítil fyrirtæki. Því væri æskilegt að tíðni breytingar á kvarða væri u.þ.b. 10 ár. Á merkimiða með breyttum kvarða ætti að skilja reitinn fyrir hæsta flokk eftir auðan til að hvetja til tækniframfara, viðhalda stöðugleika við reglusetningu, takmarka tíðni breytinga á kvarða og til að stuðla að þróun og viðurkenningu á orkunýtnari vörum. Í undantekningartilvikum þar sem búast má við örari tæknipróun ættu engar vörur að falla í hæstu tvo flokkana á sama tíma og merkimiði með nýjum kvarða er settur í umferð.
- 19) Áður en breyting á kvarða er gerð ætti framkvæmdastjórnin að framkvæma viðeigandi undirbúningsrannsókn.
- 20) Þegar kvarða merkimiða vöruflokks er breytt ætti að forðast rugling af hálfu viðskiptavina með því að skipta út merkimiðum á viðkomandi vörum sem eru til sýnis í verslunum á skömmum tíma, og með því að skipuleggja upplýsingaherferðir fyrir neytendur þar sem skýrt kemur fram að ný útgáfa merkimiða hafi verið tekin í notkun.

- 21) Ef um er að ræða merkimiða með breyttum kvarða ættu birgjar að láta seljendum í té bæði fyrirbyggjandi merkimiða og merkimiða með breyttum kvarða í tiltekinn tíma. Skipta ætti út fyrirbyggjandi merkimiðum á vörum sem eru til sýnis, m.a. á Netinu, með merkimiðum með breyttum kvarða eins fljótt og unnt er eftir útskiptingardagsetninguna sem tilgreind er í framseldu gerðinni um merkimiða með breyttan kvarða. Seljendur ættu ekki að birta merkimiða með breyttum kvarða fyrir útskiptingardagsetningu.
- 22) Nauðsynlegt er að kveða á um skýra og hóflega dreifingu skuldbindinga sem samsvara hlutverki hvers rekstraraðila í aðfanga- og dreifingarferlinu. Rekstraraðilar ættu að bera ábyrgð á reglufylgni í tengslum við það hlutverk sem hver þeirra gegnir í aðfangakeðjunni og ættu að tryggja að þeir bjóði aðeins fram á markaði vörur sem eru í samræmi við þessa reglugerð og framseldar gerðir sem eru samþykktar samkvæmt henni.
- 23) Í því skyni að viðskiptavinir viðhaldi tiltrú á orkumerkimiðanum, ætti ekki að leyfa notkun annarra merkimiða sem líkja eftir orkumerkimiðanum á orkutengdar vörur og vörur sem ekki eru orkutengdar. Þegar orkutengdar vörur falla ekki undir framseldar gerðir ættu aðildarríki að viðhalda eða koma á nýju landsbundnu fyrirkomulagi fyrir merkingu slíkra vara. Af sömu ástæðu ætti ekki að leyfa viðbótarkerkimiða, merkingar, tákni eða áletranir á viðkomandi vörur sem eru líklegar til að vera villandi eða misvísandi fyrir viðskiptavinum að því er varðar orkunotkun. Merkimiðar sem kveðið er á um samkvæmt lögum Sambandsins, s.s. merking hjólbarða að því er varðar eldsneytisnýtingu og aðra umhverfisþætti, auk merkimiða á borð við Orkustjórn Evrópusambandsins og umhverfismerki ESB ættu ekki að teljast villandi eða misvísandi.
- 24) Viðskiptavinum er í auknum mæli boðið upp á uppfærslu hugbúnaðar og fastbúnaðar fyrir vörur sínar eftir þær hafa verið settar á markað og teknar í notkun. Þótt slíkum uppfærslum sé vanalega ætlað að bæta afköst vöru geta þær einnig haft áhrif á orkunýtni og aðra mæliþætti vöru sem tilgreindir eru á orkumerkimiðanum. Ef þessar breytingar eru á skjön við það sem tilgreint er á merkimiðanum ætti að upplýsa viðskiptavinum um þessar breytingar og þeim gefinn kostur á að samþykkja eða hafna uppfærslunni.
- 25) Til þess að tryggja réttarvissu er nauðsynlegt að skýra að reglurnar um markaðseftirlit Sambandsins og eftirlit með vörum, sem koma inn á markað Sambandsins, sem kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 ⁽¹⁾, gildi um orkutengdar vörur. Í ljósi meginreglunnar um fjálsta vöruflutninga er áriðandi að markaðseftirlitsyfirvöld aðildarríkjanna eigi skilvirka samvinnu hvort með öðru. Slíka samvinnu um orkumerkingar ætti að efla með stuðningi framkvæmdastjórnarinnar við samstarfshópa á sviði stjórnsýslu (AdCos) í tengslum við vishönnun og orkumerkingar.
- 26) Tillaga framkvæmdastjórnarinnar um nýtt markaðseftirlit með vörum felur í sér samþættingu ákvæða reglugerðar (EB) nr. 765/2008, tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB ⁽²⁾ og nokkrum geirabundnum gerðum samhæfingarlöggjafar Sambandsins. Tillagan felur í sér verndarákvæði sem er að finna í ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB ⁽³⁾, sem myndi gilda um allar samhæfingarlagerðir Sambandsins. Á meðan nýja reglugerðin er enn til umfjöllunar hjá þeim aðilum sem samábyrgir eru um löggjöfina þykir rétt að vísa til reglugerðar (EB) nr. 765/2008 og bæta verndarákvæðum við þessa reglugerð.
- 27) Markaðseftirlit sem fellur undir reglugerð (EB) nr. 765/2008 beinist ekki eingöngu að því að vernda heilbrigði og öryggi heldur einnig að framfylgd laga Sambandsins sem miðast við að standa vörð um aðra hagsmuni almennings, þ.m.t. orkunýtni. Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar undir yfirskriftinni „20 aðgerðir í Evrópu fyrir öruggari vörur sem uppfylla kröfur: aðgerðaáætlun til marga ára um eftirlit með vörum í ESB“ frá 13. febrúar 2013, hefur almenn aðferðafræði Sambandsins varðandi áhættumat verið uppfærð til að hún taki til allrar áhættu, þ.m.t. í tengslum við orkumerkingar.
- 28) Samfelld og kostnaðarhagkvæmt markaðseftirlit alls staðar í Sambandinu krefst einnig vel skipulagðrar vistunar og miðlunar allra viðeigandi upplýsinga um aðgerðir í aðildarríkjum í þessu samhengi, þ.m.t. tilvísun í tilkynningar sem krafist er með þessari reglugerð. Gagnagrunnur upplýsinga- og

(1) Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 765/2008 frá 9. júlí 2008 um kröfur varðandi faggildingu og markaðseftirlit í tengslum við markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu reglugerðar (EBE) nr. 339/93 (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 30).

(2) Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru (Stjtið. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4).

(3) Ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 768/2008/EB frá 9. júlí 2008 um sameiginlegan ramma um markaðssetningu á vörum og um niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 93/465/EBE (Stjtið. ESB L 218, 13.8.2008, bls. 82).

fjarskiptakerfis fyrir markaðseftirlit, sem framkvæmdastjórnin kom á fót, er vel til þess fallinn að mynda heildstæðan gagnabanka með upplýsingum úr markaðseftirliti og ætti því að eindregið að hvetja til notkunar hans.

- 29) Í því skyni að koma á gagnlegri leið fyrir neytendur, til að gera seljendum kleift að fara aðrar leiðir við móttöku vöruupplýsingablaða, auðvelda samræmisefirlit og til að leggja fram uppfærð markaðsgögn í tengslum við reglusetningarferli við endurskoðun vörusértækra merkimiða og upplýsingablaða, ætti framkvæmdastjórnin að koma á og viðhalda gagnagrunni sem samanstendur af opnum hluta og hluta er varðar reglufylgni, og er aðgengilegur í gegnum vefgátt.
- 30) Með fyrirvara um skyldur aðildarríkja í tengslum við markaðseftirlit og skyldur birgja til að ganga úr skugga um samræmi vöru, ættu birgjar að gera tilskyldar samræmisupplýsingar vöru tiltækar á rafrænu formi í vörugagnagrunninum. Þær upplýsingar sem skipta máli fyrir neytendur og seljendur ættu að vera aðgengilegar öllum í opnum hluta vörugagnagrunnsins. Þessar upplýsingar ætti að gera aðgengilegar sem opin gögn til að gera hönnuðum farsímahugbúnaðar og annarra samræmingarverkfæra kleift að nota upplýsingarnar. Greiða ætti fyrir auðveldum beinum aðgangi að opna hluta vörugagnagrunnsins með notendamiðuðum hjálpargögnum, s.s. QR-kóða, prentuðum á merkimiðann.
- 31) Sá hluti vörugagnagrunnsins er varðar reglufylgni ætti að falla undir strangar reglur um gagnavernd. Tilteknir skyldubundnir hlutar tæknigagna í hlutanum er varðar reglufylgni skulu gerðir aðgengilegir bæði markaðseftirlitsyfivöldum og framkvæmdastjórninni. Ef einhverjar tæknilegar upplýsingar eru svo viðkvæmar að það væri óheppilegt að bæta þeim í flokk tæknigagna eins og tilgreint er í framseldu gerðunum sem samþykktar hafa verið samkvæmt þessari reglugerð, ættu markaðseftirlitsyfivöld að viðhalda rétti til að nálgast þær upplýsingar þegar nauðsyn krefur í samræmi við samstarfs-skyldu birgja eða ef birgjar hala upp viðbótarhlutum tæknigagna í vörugagnagrunninn að eigin frumkvæði.
- 32) Í því skyni að vörugagnagrunnurinn komist í gagnið eins fljótt og auðið er ætti skráning allra tegunda eininga sem settar eru á markað að vera skyldubundin frá og með gildistökudegi þessarar reglugerðar. Að því er varðar tegundir, þar sem einingar eru settar á markað fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar og eru ekki lengur settar á markað, ætti skráning að vera valkvæð. Að því er varðar þróun gagnagrunnsins og til að gera birgjum kleift að uppfylla skráningarskyldur ætti að kveða á um viðeigandi umbreytingartímabil. Þegar breytingar sem skipta máli fyrir merkimiðann og vöruupplýsingablaðið eru gerðar á vöru sem þegar er á markaði skal varan teljast ný tegund og ættu birgir að skrá hana í vörugagnagrunninn. Framkvæmdastjórn Evrópusambandsins ætti, í samvinnu við markaðseftirlitsyfivöld og birgja, að gefa umbreytingarferlinu sérstakan gaum fram að fullri innleiðingu opna hluta vörugagnagrunnsins og þess hluta hans er varðar reglufylgni.
- 33) Viðurlögin, sem gilda um brot gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og framseldum gerðum sem samþykktar eru samkvæmt henni, ættu að vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif.
- 34) Til þess að stuðla að orkunýtni, mildun loftslagsbreytinga og umhverfisvernd, ættu aðildarríki að geta hvatt til notkunar á orkunýtnum vörum. Aðildarríkjum er frjálst að ákveða hvernig slíkri hvatningu er háttað. Slík hvatning skal vera í samræmi við reglur Evrópusambandsins um ríkisaðstoð og ætti ekki að fela í sér ósanngjarnar markaðshindranir. Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á niðurstöðu meðferðar ríkisaðstoðarmála í framtíðinni sem framkvæmd er í samræmi við 107. og 108. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins að því er varðar slíka hvata.
- 35) Mæla skal orkunotkun, árangur og aðrar upplýsingar varðandi þær vörur sem falla undir sértækar kröfur samkvæmt þessari reglugerð með því að nota áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggjast á nýjustu og fullkomnustu mælingar- og reikniáðferðum. Í þágu eðlilegrar starfsemi innri markaðarins ætti að samhæfa staðla á vettvangi Bandalagsins. Slíkar aðferðir og staðlar ættu, að því marki sem er mögulegt, að taka tillit til raunverulegrar notkunar tiltekinnar vöru, endurspegla hegðun meðalneytanda og vera traustar í því skyni að koma í veg fyrir vísvitandi eða óvísvitandi sniðgöngu. Orkumerkimiðar ættu að endurspegla samanburðarframmistöðu vöru við raunverulega notkun, innan þeirra takmarka sem stafa af þörf fyrir áreiðanlegri og samanburðarnákvæmri prófun á rannsóknarstofu. Birgjum ætti því ekki að vera heimilt að nota hugbúnað eða vélbúnað sem breytir frammistöðu vöru við prófunarskilyrði. Ef útgefnir staðlar liggja ekki fyrir þegar sértækum kröfum er beitt fyrir vörur, ætti framkvæmdastjórnin að birta í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins umbreytingarráðstafanir og reikniáðferðir í tengslum

við þessar sértæku kröfur fyrir vörur. Þegar tilvísun í slíka staðla hefur verið birt ætti samræmi við þá að teljast fyrirfram-ætlað samræmi við mæliaðferðir fyrir þessar sértæku kröfur fyrir vörur sem samþykktar voru á grundvelli þessarar reglugerðar.

- 36) Framkvæmdastjórnin ætti að leggja fram vinnuáætlun til langs tíma vegna endurskoðunar merkimiða fyrir tiltekna orkutengdar vörur og þ.m.t. viðmiðunarskrá yfir frekari orkutengdar vörur sem unnt væri að setja orkumerkimiða á. Vinnuáætlun skal hrint í framkvæmd með tækni-, umhverfis- og efnahagsgreiningu á viðkomandi vöruflokkum. Með greiningunni ætti einnig að beina sjónum að viðbótarupplýsingum, m.a. Möguleika á og kostnaði við að veita neytendum upplýsingar um afköst orkutengdrar vöru, s.s. orkunotkun, endingu eða umhverfisárangur, í samræmi við markmiðið að stuðla að hringrásarhagkerfi. Slíkar viðbótarupplýsingar ættu að gera miðann skiljanlegri og skilvirkari fyrir neytendur og ættu ekki að hafa neikvæð áhrif á þá.
- 37) Birgjar vara sem settar eru á markað í samræmi við tilskipun 2010/30/ESB fyrir gildistöku þessarar reglugerðar ættu áfram að vera skuldbundnir til að veita aðgang að rafrænni útgáfu tæknigagnanna fyrir viðkomandi vörur að beiðni markaðseftirlitsyfirlvalda. Viðeigandi umbreytingarráðstafanir ættu að tryggja réttarvissu og samfelldni í þessu tilliti.
- 38) Til að tryggja snurðulaus umskipti yfir í þessa reglugerð, ættu gildandi kröfur, sem mælt er fyrir um í framseldum gerðum sem samþykktar eru skv. 10. gr. tilskipunar 2010/30/ESB og tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB ⁽¹⁾, ennfremur að gilda áfram um viðkomandi vöruflokka þar til þær eru felldar niður eða skipt út fyrir framseldar gerðir sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð. Beiting þessara gildandi krafna er með fyrirvara um framkvæmd skuldbindinga samkvæmt þessari reglugerð.
- 39) Í því skyni að ákvarða sérstaka vöruflokka orkutengdra vara í samræmi við tiltekna viðmiðanir og í því skyni að koma á sérstækum merkimiðum og upplýsingablöðum fyrir vörur, ætti að fella framkvæmdastjórninni vald til að samþykkja gerðir í samræmi við 290. gr. sáttmálans um starfshætti Evrópusambandsins. Einkar mikilvægt er að framkvæmdastjórnin hafi viðeigandi samráð meðan á undirbúningsvinnu hennar stendur, þ.m.t. við sérfræðinga, og að þetta samráð fari fram í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana frá 13. apríl 2016 um betri lagasetningu ⁽²⁾. Til að tryggja einkum jafna þátttöku við undirbúning framseldra gerða, skulu Evrópuþingið og ráðið taka við öllum skjölum á sama tíma og sérfræðingar aðildarríkja og sérfræðingar þeirra hafa kerfisbundinn aðgang að fundum sérfræðingahópa framkvæmdastjórnar sem hafa umsjón með undirbúningi framseldra gerða.
- 40) Til að tryggja samræmd skilyrði við framkvæmd þessarar reglugerðar ætti samkvæmt verndarráðstafanameðferð Sambandsins að fella framkvæmdastjórninni framkvæmdarvald til að ákvarðar hvort landsbundin ráðstöfun sé réttlætlanleg eða ekki og til að ákvarða ítarlegar kröfur varðandi rekstrarleg atriði í tengslum við vörugagnagrunninn. Þessu valdi ætti beita í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 ⁽³⁾.
- 41) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiðum þessarar reglugerðar, þ.e. að gera viðskiptavinum kleift að velja orkunýtnari vörur með því veita viðeigandi upplýsingar, og því verður betur náð á vettvangi Sambandsins með frekari þróun á samræmdum regluramma og með því að tryggja jöfn samkeppnis skilyrði, er Sambandinu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við nálægðarregluna, eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans um Evrópusambandið. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessum markmiðum.
- 42) Þessi reglugerð hefur ekki áhrif á skuldbindingar aðildarríkjanna að því er varðar fresti þeirra til að lögleiða tilskipun 2010/30/ESB í landslög og dagsetningarnar beita henni.
- 43) Því ætti að fella tilskipun 2010/30/ESB úr gildi.

⁽¹⁾ Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/EB frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota (Stjtið. EB L 266, 18.10.1996, bls. 1).

⁽²⁾ Stjtið. ESB L 123, 12.5.2016, bls. 1.

⁽³⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 182/2011 frá 16. febrúar 2011 um reglur og almennar meginreglur varðandi tilhögun eftirlits aðildarríkjanna með framkvæmdastjórninni þegar hún beitir framkvæmdarvaldi sínu (Stjtið. ESB L 55, 28.2.2011, bls. 13).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð er mælt fyrir um ramma sem gildir um orkutengdar vörur („vörur“) sem settar eru á markað eða teknar í notkun. Reglugerðin kveður á um merkingu þessara vara og veitingu staðlaðra vöruupplýsinga varðandi orkunýtni vara, notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum þegar þær eru í notkun og viðbótarupplýsingar um vörur, og gerir þannig viðskiptavinum kleift að velja orkunýtnari vörur í því skyni að draga úr orkunotkun sinni.
2. Þessi reglugerð gildir ekki um:
 - a) notaðar vörur, nema þær séu fluttar inn frá þriðja landi,
 - b) farartæki til farþega- eða vöruflutninga.

2. gr.

Skilgreiningar

Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

- 1) „orkutengd vara“ eða „vara“: vara eða kerfi sem hefur áhrif á orkunotkun meðan á notkun stendur og sett er á markað eða tekin í notkun, þ.m.t. hlutir sem hafa áhrif á orkunotkun meðan á notkun stendur sem settir eru á markað eða teknir eru í notkun fyrir viðskiptavinum og hlutir sem ætlunin er að setja í vörur,
- 2) „vöruflokkur“: flokkur vara sem hefur sömu aðalvirkni,
- 3) „kerfi“: samsetning nokkurra vara sem sameiginlega gegna tilteknu hlutverki í væntu umhverfi og þar sem hægt er að ákvarða orkunýtni þeirra sem einnar heildar,
- 4) „tegund“: útgáfa af vöru þar sem allar einingar deila sömu tæknilegu eiginleikum sem skipta máli hvað varðar merkimiðann og vöruupplýsingablaðið og hafa sömu tegundarauðkenni,
- 5) „tegundarauðkenni“: þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna vörutegund frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,
- 6) „sambærileg tegund“: tegund með sömu tæknilegu eiginleika sem máli skipta hvað varðar merkimiðann og vöruupplýsingablaðið, en er sett á markað eða tekin í notkun af sama birgi sem önnur tegund með annað tegundarauðkenni,
- 7) „að bjóða fram á markaði“ öll afhending vöru til dreifingar eða til notkunar á markaði Sambandsins á meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða án endurgjalds,
- 8) „setning á markað“: það að vara er boðin fram í fyrsta sinn á markaði Sambandsins,
- 9) „að taka í notkun“: fyrsta notkun í Sambandinu á vöru í samræmi við tilætlaða notkun,
- 10) „framleiðandi“: einstaklingur eða lögaðili sem framleiðir vöru eða lætur hana eða framleiða vöru og setur vöruna á markað undir sínu nafni eða vörumerki,
- 11) „viðurkenndur fulltrúi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem hefur skriflegt umboð frá framleiðandanum til að koma fram fyrir hans hönd í tengslum við tilgreind verkefni,
- 12) „innflytjandi“: einstaklingur eða lögaðili með staðfestu í Sambandinu sem setur vöru frá þriðja landi á markað Sambandsins,
- 13) „seljandi“: smásali eða annar einstaklingur eða lögaðili sem býður til sölu, leigu eða kaupleigu, eða sýnir viðskiptavinum eða þeim sem annast uppsetningu, vörur, meðan á viðskiptastarfsemi stendur, hvort sem það er gegn greiðslu eða ekki,

- 14) „birgir“: framleiðandi sem er með staðfestu í Sambandinu, viðurkenndur fulltrúi framleiðanda sem er ekki með staðfestu í Sambandinu, eða innflytjandi, sem setur vöru á markað Sambandsins,
- 15) „fjarsala“: sala, leiga eða kaupleiga í gegnum póstpöntun, verðlista, Netið, með símasölu eða með öðrum hætti sem leiðir af sér að ekki sé hægt að gera ráð fyrir að hugsanlegur endanlegur notandi hafi séð vöruna í útstillingu,
- 16) „viðskiptavinur“: einstaklingur eða lögaðili sem kaupir, leigir eða tekur við vöru til eigin nota hvort sem hann starfar að markmiðum sem liggja utan við atvinnugrein, fyrirtæki, iðn eða sérgrein hans eða ekki,
- 17) „orkunýtni“: hlutfallið á milli afkasta-, þjónustu-, vöru- eða orkuframleiðslu og orkuílags sem til þarf,
- 18) „samhæfur staðall“: staðall eins og hann er skilgreindur í c-lið 1. mgr. 2. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 ⁽¹⁾,
- 19) „merkimiði“: myndræn skýringarmynd, annaðhvort á prentuðu eða rafrænu formi, með föstum kvarða þar sem eingöngu er notast við bókstafi frá A til G, hver bókstafur stendur fyrir flokk og hver flokkur samsvarar orkusparnaði, í sjö mismunandi litum frá dökkgrænum að rauðum, með þann tilgang að upplýsa viðskiptavini um orkunýtni og orkunotkun. Þar eru með taldir merkimiðar með breyttum kvarða og merkimiðar með færri flokkum og litum í samræmi við 10. og 11. mgr. 11. gr.,
- 20) „breyting á kvarða“: setning strangari krafna til að ná upp í orkuflokk á merkimiða fyrir tiltekinn vöruflokk,
- 21) „merkimiði með breyttum kvarða“: merkimiði fyrir tiltekinn vöruflokk með breyttum kvarða sem er aðgreinanlegur frá merkimiðum fyrir breytingu en viðheldur þó sjónrænu og sjáanlegu samræmi allra merkimiða,
- 22) „vöruupplýsingablað“: staðlað skjal sem inniheldur upplýsingar sem varða vöru, á prentuðu eða rafrænu formi,
- 23) „tæknigögn“: fullnægjandi gögn til að gera markaðsefirlitsyfirvöldum kleift að meta nákvæmni merkimiða og vöruupplýsingablaðs fyrir vöru, þ.m.t. prófunarskýrslur eða áþekk tæknileg gögn,
- 24) „viðbótarupplýsingar“: upplýsingar, sem tilgreindar eru í framseldri gerð, um virkni og umhverfisárangur vöru,
- 25) „vörugagnagrunnur“: safn gagna um vörur sem er sett saman á kerfisbundinn hátt og samanstendur af opnum hluta sem miðast við þarfir neytanda þar sem upplýsingar varðandi einstaka mæliþætti vöru eru aðgengilegar með rafrænum hætti, og vefgátt fyrir aðgengi og hluta er varðar reglufylgni þar sem kröfur um aðgengi og öryggi eru tilgreindar með skýrum hætti,
- 26) „vikmörk við sannprófun“: leyfileg hámarksfrávik mælingar og niðurstaðna útreikninga við sannprófun sem framkvæmd er af, eða fyrir hönd markaðsefirlitsyfirvalda, borin saman við uppgefna eða birta mæliþætti, og sem endurspeglar frávik sem eru til komin vegna mismunar milli rannsóknarstofa.

3. gr.

Almennar skyldur birgja

1. Birgir skal tryggja að með hverri einingu vöru sem sett er á markað fylgi, án endurgjalds, ítarlegir prentaðir merkimiðar og vöruupplýsingablöð í samræmi við þessa reglugerð og viðeigandi framseldar gerðir.

Í stað þess að afhenda vöruupplýsingablað með vörunni, er heimilt að kveða á um í framseldum gerðum sem um getur í h-lið 3. mgr. 16. gr., að nægilegt sé að birgir skrái breytnar af vöruupplýsingablaðinu inn í vörugagnagrunninn. Í slíku tilviki skal birgir afhenda seljanda prentað vöruupplýsingablað sé þess óskað.

Í framseldum gerðum er heimilt að kveða á um að merkimiði sé prentaður á umbúðir vörunnar.

⁽¹⁾ Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1025/2012 frá 25. október 2012 um evrópska stöðlun og breytingu á tilskipunum ráðsins 89/686/EBE og 93/15/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 94/9/EB, 94/25/EB, 95/16/EB, 97/23/EB, 98/34/EB, 2004/22/EB, 2007/23/EB, 2009/23/EB og 2009/105/EB og niðurfellingu á ákvörðun ráðsins 87/95/EBE og ákvörðun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1673/2006/EB (Stjútíð. ESB L 316, 14.11.2012, bls. 12).

2. Birgir skal þegar í stað og a.m.k. innan tveggja virkra daga frá beiðni seljanda senda, án endurgjalds, prentaða merkimiða, þ.m.t. merkimiða með breyttum kvarða í samræmi við 13. mgr. 11. gr., og vöruupplýsingablöð.
3. Birgir skal tryggja að merkimiðar og vöruupplýsingablöð sem hann leggur fram séu nákvæm og skal hann leggja fram fullnægjandi tæknigögn til að mögulegt sé að meta nákvæmni upplýsinganna.
4. Þegar eining tegundar er komin í umferð skal birgir óska eftir skýlausu samþykki frá viðskiptavini að því er varðar allar fyrirhugaðar breytingar með uppfærslum sem kunna að vera gerðar á einingunni og sem gætu haft óheppileg áhrif á mæliþætti merkimiða sem tilgreinir orkunýtni þeirrar einingar, eins og sett er fram í viðeigandi framseldri gerð. Birgir skal tilkynna viðskiptavini um markmið uppfærslunnar og breytingar á mæliþáttum, þ.m.t. breytingar á flokk merkimiða. Í tímabil sem er í réttu hlutfalli við líftíma vöru skal birgir gefa viðskiptavini kost á að hafna uppfærslunni án þess að fyrirsjáanlegt tap á virkni eigi sér stað.
5. Birgir skal ekki setja á markað vörur sem eru þannig hannaðar að afköst tegundar breytist sjálfkrafa við prófunarskilyrði með það markmið að ná hagstæðri stigum fyrir einhvern þeirra mæliþátta sem eru tilgreindir í viðkomandi framseldri gerð eða í einhverjum þeim gögnum sem fylgja með vörunni.

4. gr.

Skyldur birgja í tengslum við vörugagnagrunninn

1. Áður en ný tegund einingar sem fellur undir framselda gerð er sett á markað skal birgir, frá og með 1. janúar 2019, skrá upplýsingar um tegundina í opinn hluta vörugagnagrunnsins og þann hluta hans er varðar reglufylgni, eins og fram kemur í I. viðauka.
 2. Ef einingar af tegund sem falla undir framselda gerð eru settar á markað milli 1. ágúst 2017 og 1. janúar 2019 skal birgir, fyrir 30. júní 2018, skrá í vörugagnagrunninn upplýsingarnar sem eru settar fram í I. viðauka í tengslum við þessar tegundir.
- Fram að skráningu gagna í vörugagnagrunninn skal birgir veita aðgang að rafrænni útgáfu tæknigagnanna til skoðunar innan tíu daga frá því að beiðni berst frá markaðseftirlitsfyrirvöldum eða framkvæmdastjórninni.
3. Birgi er heimilt að skrá í vörugagnagrunninn upplýsingar að því er varðar tegundir, eins og fram kemur í I. viðauka, þar sem einingar voru einungis settar á markað fyrir 1. ágúst 2017.
 4. Ef breytingar eru gerðar á vöru sem skipta máli fyrir merkimiða eða vöruupplýsingablað skal hún teljast ný tegund. Birgir skal tilgreina það í gagnagrunninum þegar hann hættir að setja einingar tegundar á markað.
 5. Skuldbindingarnar sem um getur í 1. og 2. mgr. þessarar greinar skulu ekki gilda um pakka með hiturum sem um getur í framseldum reglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 ⁽¹⁾, (ESB) nr. 812/2013 ⁽²⁾ og (ESB) 2015/1187 ⁽³⁾, þar sem það er alfarið á ábyrgð seljanda að útvega merkimiða á þessa pakka.
 6. Eftir að síðasta eining tegundar er sett á markað skal birgirinn varðveita upplýsingar varðandi tegundina í þeim hluta vörugagnagrunnsins er varðar reglufylgni í a.m.k. 15 ár. Eftir því sem við á, í tengslum við meðalendingartíma vörunnar, má kveða á um styttri varðveislutíma samkvæmt q-lið 3. mgr. 16. gr. Upplýsingum í opnum hluta gagnagrunnsins skal ekki eytt.

(1) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 811/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar hitara fyrir rými, sambyggðra hitara, pakka með hitara fyrir rými, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku og pakka með sambyggðum hitara, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 1).

(2) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 812/2013 frá 18. febrúar 2013 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar vatnshitara, geymslutanka fyrir heitt vatn og pakka með vatnshitara og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtið. ESB L 239, 6.9.2013, bls. 83).

(3) Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2015/1187 frá 27. apríl 2015 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar katla fyrir eldsneyti í föstu formi og pakka með kötlum fyrir eldsneyti í föstu formi, viðbótarhiturum, hitastýringu og búnaði sem nýtir sólarorku (Stjtið. ESB L 193, 21.7.2015, bls. 43).

5. gr.

Skyldur seljenda

1. Seljandi skal:
 - a) með sýnilegum hætti, þ.m.t. við fjarsölu á Netinu, sýna þann merkimiða sem birgirinn lætur í té eða sem gerður er aðgengilegur í samræmi við 2. mgr. að því er varðar einingar af tegund sem fellur undir viðeigandi framselda gerð og
 - b) veita viðskiptavinum aðgang að vöruupplýsingablaðinu, þ.m.t. á efnislegu formi á sölustað, sé óskað eftir því.
2. Ef seljandi er ekki með merkimiða þá skal hann, þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr., óska eftir merkimiða frá birginum í samræmi við 2. mgr. 3. gr.
3. Ef seljandi er ekki með vöruupplýsingablað þá skal hann, þrátt fyrir 1. mgr. 3. gr., óska eftir slíku blaði frá birginum í samræmi við 2. mgr. 3. gr., eða, ef hann svo kys, prenta út eða hlaða niður eintaki frá vörugagnagrunninum til að sýna það rafrænt, ef slíkt er í boði fyrir viðeigandi vöru.

6. gr.

Aðrar skyldur birgja og seljenda

Birgirinn og seljandinn skulu:

- a) með sjónrænum auglýsingum og tæknilegu kynningarefni vísa í orkunýtniflokk vöru og þau svið orkunýtniflokka sem fánleg eru fyrir tiltekna tegund í samræmi við viðeigandi framselda gerð,
- b) starfa með markaðseftirlityfirvöldum og grípa þegar í stað til aðgerða til að ráða bót á í tilvikum, sem eru á ábyrgð þeirra, þar sem ekki hefur verið farið að kröfunum í þessari reglugerð og viðeigandi framseldum gerðum, að eigin frumkvæði eða þegar markaðseftirlityfirvöld krefjast þess,
- c) að banna að aðrir merkimiðar, tákn eða áletranir séu sýndar sem uppfylla ekki kröfur þessarar tilskipunar og viðeigandi framseldra gerða, að því er varðar vörur sem falla undir þessa tilskipun, ef slík sýning er líkleg til að vera villandi eða misvísandi fyrir endanlega notendur hvað varðar notkun orku eða, ef við á, annarra mikilvægra aðfanga meðan á notkun stendur,
- d) ekki veita eða sýna merkimiða fyrir vörur, sem falla ekki undir framseldar gerðir, sem líkja eftir merkimiðum sem veittir eru samkvæmt þessari reglugerð og öðrum viðeigandi framseldum gerðum,
- e) ekki veita eða sýna merkimiða fyrir vörur, sem eru ekki orkutengdar vörur, sem líkja eftir merkimiðum sem veittir eru samkvæmt þessari reglugerð eða framseldum gerðum.

Líður d í fyrstu undirgrein hefur ekki áhrif á merkimiðana sem kveðið er á um í landslögum nema kveðið sé á um þessa merkimiða í framseldum gerðum.

7. gr.

Skyldur aðildarríkjanna

1. Aðildarríkjunum er óheimilt að hindra að vörur, sem fullnægja ákvæðum reglugerðar þessarar og viðeigandi framseldra gerða, verði settar á markað og/eða teknar í notkun á yfirráðasvæði þeirra.
2. Þegar aðildarríki veita hvata fyrir vöru sem er tilgreind í framseldri gerð, skal hvatinn miðast við tvo hæstu orkunýtniflokkana sem eru í notkun, eða við hærri flokka, sem mælt er fyrir um í framseldu gerðinni.
3. Aðildarríki skulu tryggja að samhliða innleiðingu merkimiða og breytingu á kvarða merkimiða fari fram fræðslu- og kynningarátak og upplýsingaherferðir um orkumerkingar, ef við á í samvinnu við birgja og seljendur. Framkvæmdastjórnin skal styðja við samvinnu og miðlun bestu starfsvenja í tengslum við þessar herferðir, þ.m.t. með miðlun sameiginlegra lykilskilaboða.

4. Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög og fullnustuleiðir sem gilda um brot gegn þessari reglugerð og framseldum gerðum, og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin, sem kveðið er á um, skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa varnaðaráhrif. Reglur, sem uppfylla kröfur 15. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, skulu teljast uppfylla kröfur þessarar málsgreinar með tilliti til viðurlaga.

Fyrir 1. ágúst 2017 skulu aðildarríkin tilkynna framkvæmdastjórninni um þær reglur í fyrstu undirgrein, sem hafa ekki verið tilkynntar framkvæmdastjórninni áður, og skulu tilkynna framkvæmdastjórninni tafarlaust um hvers kyns síðari breytingar sem hafa áhrif á þær.

8. gr.

Markaðseftirlit Evrópusambandsins og eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins

1. Ákvæði 16. til 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 gilda um vörur sem falla undir þessa reglugerð og viðeigandi framseldar gerðir.

2. Framkvæmdastjórnin skal hvetja til og styðja við samstarf og upplýsingaskipti um markaðseftirlit varðandi merkingu vara milli landsbundinna yfirvalda þeirra aðildarríkja sem bera ábyrgð á markaðseftirliti eða þeirra sem annast eftirlit með vörum sem koma inn á markað Sambandsins, og milli þeirra og framkvæmdastjórnarinnar, m.a. með meiri þátttöku samstarfshópa á sviði stjórnsýslu (AdCos) í tengslum við vishönnun og orkumerkingar.

Slík upplýsingaskipti skulu einnig fara fram þegar prófunarniðurstöður gefa til kynna að varan uppfylli kröfur þessarar reglugerðar og viðeigandi framseldrar gerðar.

3. Almennar markaðseftirlitsáætlanir aðildarríkjanna eða sértækar atvinnugreinaáætlanir þeirra, sem komið er á skv. 18. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008, skulu innihalda aðgerðir til að tryggja skilvirka framkvæmd þessarar reglugerðar.

4. Framkvæmdastjórnin skal, í samstarfi við samstarfshópana á sviði stjórnsýslu í tengslum við vishönnun og orkumerkingar, útfæra viðmiðunarreglur fyrir framkvæmd þessarar reglugerðar, einkum að því er varðar bestu starfsvenjur varðandi vöruprófanir og upplýsingaskipti milli landsbundinna markaðseftirlitsyfirvalda og framkvæmdastjórnarinnar.

5. Ef ekki er farið að ákvæðum þessarar reglugerðar eða viðeigandi framseldum gerðum eiga markaðseftirlitsyfirvöld rétt á að endurheimta kostnað frá birgi vegna skjalaskoðunar og framkvæmd raunverulegra prófana á vörum.

9. gr.

Málsmeðferð innan aðildarríkjanna vegna vara sem hætta stafar af

1. Ef markaðseftirlitsyfirvöld í einu aðildarríki hafa nægilegar ástæður til að ætla að vara sem fellur undir þessa tilskipun hafi í för með sér alvarlega áhættu fyrir þætti sem varða verndun hagsmuna almennings, sem falla undir þessa reglugerð, s.s. þætti sem varða umhverfis- og neytendavernd, skulu þau framkvæma mat á viðkomandi tæki sem tekur til allra krafna um orkumerkingar sem tengjast áhættunni og mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða viðeigandi framseldri gerð. Birgjar og seljendur skulu í þessum tilgangi hafa samvinnu við markaðseftirlitsyfirvöld eins og nauðsyn krefur fyrir það mat.

2. Ef markaðseftirlitsyfirvöld komast að þeirri niðurstöðu á meðan matið, sem um getur í 1. málsgrein, fer fram að vara uppfyllir ekki kröfum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða viðeigandi framseldri gerð, skulu þau, án tafar, krefjast þess að birgir eða, eftir því sem við á, seljandi grípi til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta til að varan uppfylli þessar kröfur, taki vöruna af markaði eftir því sem við á eða innkalli hana innan hæfilegs frests, sem yfirvöld mæla fyrir um miðað við eðli áhættunnar.

Ákvæði 21. gr. reglugerðar (EB) nr. 765/2008 skulu gilda að því er varðar þær ráðstafanir sem um getur í þessari málsgrein.

3. Ef markaðseftirlitsyfirvöld telja að þau tilvik þar sem ekki er farið að ákvæðum eins og um getur í 2. mgr. einskorðist ekki við þeirra yfirráðasvæði skulu þau upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um niðurstöður matsins og um aðgerðina sem þau hafa krafist að birgir eða seljandi grípi til.

4. Birgir eða, eftir því sem við á, seljandi skal tryggja að í samræmi við ákvæði 2. mgr. sé gripið til allra viðeigandi aðgerða til úrbóta eða takmarkandi ráðstafana að því er varðar allar viðkomandi vörur sem hann hefur boðið fram á markaði í gervöllu Sambandinu.
5. Ef birgir eða, eftir því sem við á, seljandi grípur ekki til fullnægjandi aðgerða til úrbóta innan þess frests sem um getur í annarri málsgrein skulu markaðseftirlitsyfirvöld gera allar viðeigandi bráðabirgðaráðstafanir til að banna eða takmarka að varan sé boðin fram á markaði í heimalandi þeirra, taka vöruna af þeim markaði eða innkalla hana.
6. Markaðseftirlitsyfirvöld skulu án tafar tilkynna framkvæmdastjórninni og hinum aðildarríkjunum um ráðstafanirnar sem eru teknar skv. 5. mgr. Í þessum upplýsingum skulu koma fram öll tiltæk atriði, einkum:
 - a) nauðsynleg gögn til að sanngreina vöruna sem ekki uppfyllir kröfurnar,
 - b) uppruni vöru,
 - c) eðli meintra tilvika þar sem ekki var farið að ákvæðum og áhættunnar sem því fylgir,
 - d) eðli og gildistíma landsbundinna ráðstafana sem gerðar hafa verið, ásamt rökstuðningi birgis eða, eftir því sem við á, seljanda.

Markaðseftirlitsyfirvöld skulu einkum tilgreina hvort ósamræmið sé sökum þess að vara uppfyllir ekki kröfur varðandi hagsmuni almennings sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð eða sökum annmarka á samhæfðu stöðlunum sem um getur í 13. gr. sem eru grundvöllur fyrir fyrirframætluðu samræmi.

7. Aðildarríki, önnur en það aðildarríki sem hefur frumkvæði að málsmeðferðinni, skulu án tafar upplýsa framkvæmdastjórnina og hin aðildarríkin um allar samþykktar ráðstafanir og allar viðbótarupplýsingar sem þau hafa yfir að ráða að því er varðar viðkomandi vöru sem ekki uppfyllir kröfur og, komi upp ágreiningur um tilkynnta ráðstöfun aðildarríkis, um andmæli sín.
8. Ef aðildarríki eða framkvæmdastjórnin hafa ekki hreyft andmælum innan 60 daga frá viðtöku upplýsinganna sem um getur í 6. mgr. að því er varðar bráðabirgðaráðstöfun sem aðildarríki hefur gert skal sú ráðstöfun teljast réttlætlanleg.
9. Aðildarríki skulu tryggja að viðeigandi takmarkandi ráðstafanir að því er varðar viðkomandi vöru, t.d. að taka vöruna af markaði sína, séu gerðar án tafar.

10. gr.

Verndarráðstafanameðferð Sambandsins

1. Ef við lok málsmeðferðarinnar, sem sett er fram í 4. og 5. mgr. 9. gr., andmælum er hreyft við ráðstöfun, sem aðildarríki gerir, eða ef framkvæmdastjórnin telur að ráðstöfun aðildarríkis stríði gegn löggjöf Sambandsins skal framkvæmdastjórnin, án tafar, hafa samráð við aðildarríkið og birgi eða, eftir því sem við á, seljanda og leggja mat á ráðstöfun aðildarríkis.

Á grundvelli niðurstaðna þessa mats skal framkvæmdastjórnin ákveða með framkvæmdargerð hvort ráðstöfun aðildarríkis er réttlætlanleg eða ekki og getur lagt til viðeigandi ráðstöfun. Sú framkvæmdargerð skal samþykkt í samræmi við rannsóknarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

2. Framkvæmdastjórnin skal beina ákvörðun sinni til allra aðildarríkja og skal þegar í stað veita þeim og viðkomandi birgi eða seljanda upplýsingar þar um.
3. Teljist ráðstöfun aðildarríkis réttlætlanleg skulu öll aðildarríki gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að vara, sem ekki uppfyllir kröfurnar, sé tekin af markaði þeirra og tilkynna framkvæmdastjórninni um það. Teljist ráðstöfun aðildarríkis ekki réttlætlanleg skal hlutaðeigandi aðildarríki afturkalla ráðstöfunina.
4. Ef ráðstöfun aðildarríkis telst réttlætlanleg og varan telst ekki uppfylla kröfur sökum annmarka í samhæfðu stöðlunum, sem um getur í 6. mgr. 9. gr. þessarar reglugerðar, skal framkvæmdastjórnin beita málsmeðferðinni sem kveðið er á um í 11. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1025/2012.
5. Ráðstafanir til úrbóta eða takmarkandi ráðstafanir skv. 2., 4., 5. eða 9. mgr. 9. gr. eða 3. mgr. 10. gr., skulu rýmkaðar þannig að þær nái til allra eininga tegundar, sem ekki uppfyllir kröfur, sem og til sambærilegra tegunda, að undanskildum þeim einingum sem birgirinn hefur sýnt fram á að uppfylli kröfur.

11. gr.

Málsmeðferð í tengslum við innleiðingu og breytingu á kvarða merkimiða

1. Að því er varðar þá vöruflokka sem um getur í 4. og 5. mgr. þá skal framkvæmdastjórnin breyta kvarða merkimiða, sem voru í gildi 1. ágúst 2017, með fyrirvara um 4. og 5. mgr. og 8.-12. mgr.

Þrátt fyrir kröfuna um verulegan orkusparnað og kostnaðarlækkun, sem sett er fram í b-lið 3. mgr. 16. gr., skal framkvæmdastjórnin, ef breyting á kvarða dugar ekki til að ná fram slíkum sparnaði/lækkun, a.m.k. tryggja einsleitun kvarða frá A til G.

2. Ef ekki er til merkimiði fyrir vöruflokk þann 1. ágúst 2017 þá má framkvæmdastjórnin taka merkimiða í notkun, með fyrirvara um ákvæði 8.-12. mgr.

3. Framkvæmdastjórninni er heimilt að breyta aftur kvarða merkimiða, sem búið er að breyta kvarðanum á í samræmi við 1. mgr., eða taka í notkun í samræmi við 2. mgr., ef skilyrðin í a- eða b-lið eru uppfyllt og með fyrirvara um ákvæði 8.-12. mgr.

4. Til að tryggja einsleitun kvarða á bilinu A til G skal framkvæmdastjórnin samþykkja, fyrir 2. ágúst 2023, framseldar gerðir skv. 16. gr. þessarar reglugerðar, í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að innleiða merkimiða með breyttan kvarða á bilinu A til G fyrir vöruflokka sem falla undir framseldar gerðir, sem samþykktar eru samkvæmt tilskipun 2010/30/ESB, í því skyni að sýna merkimiðann með breyttum kvarða í búðum og á Netinu 18 mánuðum eftir gildistökudag framseldu gerðanna, sem samþykktar eru samkvæmt þessari reglugerð.

Þegar framkvæmdastjórnin ákvarðar þá röð vöruflokka sem breyta á kvarða fyrir skal hún taka tillit til hlutfalls vara í hæstu flokkunum.

5. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal framkvæmdastjórnin:

a) eigi síðar en 2. ágúst 2025 leggja fram endurskoðun á vöruflokkunum, sem falla undir framseldar reglugerðir (ESB) nr. 811/2013, (ESB) nr. 812/2013 og (ESB) 2015/1187, í því skyni að breyta kvarða þeirra, og skal, ef við á, eigi síðar en 2. ágúst 2026 samþykkja framseldar gerðir skv. 16. gr. þessarar reglugerðar í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að innleiða merkimiða með breyttan kvarða á bilinu A til G.

Í öllum tilvikum skulu framseldu gerðirnar, þar sem innleiddir eru merkimiðar með breyttan kvarða á bilinu A til G, samþykktar eigi síðar en 2. ágúst 2030,

b) eigi síðar en 2. nóvember 2018 samþykkja framseldar gerðir skv. 16. gr. þessarar reglugerðar í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að innleiða merkimiða með breyttan kvarða á bilinu A til G fyrir þá vöruflokka sem falla undir framseldar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 ⁽¹⁾, (ESB) nr. 1060/2010 ⁽²⁾, (ESB) nr. 1061/2010 ⁽³⁾, (ESB) nr. 1062/2010 ⁽⁴⁾ og (ESB) nr. 874/2012 ⁽⁵⁾ og tilskipun 96/60/EB í því skyni að sýna merkimiðann með breyttum kvarða bæði í verslunum og á Netinu 12 mánuðum eftir gildistökudag þeirra.

6. Að því er varðar þær vörur sem framkvæmdastjórnin gæti þurft að gera frekari breytingu á kvarða merkimiða fyrir, í samræmi við 3. mgr., þá skal framkvæmdastjórnin endurskoða merkimiðann með það í huga að breyta kvarðanum ef hún metur það svo:

a) að 30% af einingum tegunda, sem tilheyra vöruflokki, sem seldur er á markaði Sambandsins, falli undir hæsta orkunýtniflokkinn A og að vænta megi frekari tækniþróunar, eða

b) að 50% af einingum tegunda, sem tilheyra vöruflokki, sem seldur er á markaði Sambandsins, falli undir tvo hæstu orkunýtniflokkana, A og B, og að vænta megi frekar tækniþróunar.

⁽¹⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1).

⁽²⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17).

⁽³⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47).

⁽⁴⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (Stjtið. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64).

⁽⁵⁾ Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 874/2012 frá 12. júlí 2012 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar rafmagnsljósapera og lampa (Stjtið. ESB L 258, 26.9.2012, bls. 1).

7. Framkvæmdastjórnin skal gera rannsókn á endurskoðuninni ef hún hefur metið það svo að skilyrði a- eða b-liðar í 6. mgr. eru uppfyllt.

Ef þessi skilyrði eru ekki uppfyllt, að því er varðar tiltekinn vörflokk, innan átta ára eftir gildistöku dag viðeigandi framseldrar gerðar þá skal framkvæmdastjórnin auðkenna hvaða hindranir, ef einhverjar, hafa komið í veg fyrir að merkimiðinn uppfylli hlutverk sitt.

Ef um er að ræða nýja merkimiða þá skal hún gera undirbúningsrannsókn á grundvelli viðmiðunarskrárinnar yfir vörflokkana, sem sett er fram í vinnuáætluninni.

Framkvæmdastjórnin skal ljúka við rannsókn sína á endurskoðuninni, kynna niðurstöður sínar og, ef við á, drög að framseldri gerð á samráðsvettvanginum innan 36 mánaða frá því að framkvæmdastjórnin metur það svo að skilyrðin, sem um getur í a- eða b-lið 6. mgr., séu uppfyllt. Á samráðsvettvanginum skal ræða matið og rannsóknina á endurskoðuninni.

8. Þegar merkimiði er tekinn í notkun eða breyting gerð á kvarða merkimiða, þá skal framkvæmdastjórnin tryggja að þess sé ekki vænst að neinar vörur falli undir orkuflokk A á þeim tíma sem merkimiðinn er tekinn í notkun og að áætlaður tími þar sem flestar tegundir muni falla undir þann flokk sé tíu árum síðar hið minnsta.

9. Þrátt fyrir ákvæði 8. mgr., þar sem búast má við örari tækniþróun, skal mælt fyrir um kröfur þannig að þess sé ekki vænst að neinar vörur falli undir orkuflokka A og B á þeim tíma sem merkimiðinn er tekinn í notkun.

10. Ef, að því er varðar tiltekinn vörflokk, ekki er lengur leyfilegt að setja á markað eða taka í notkun tegundir, sem falla undir orkuflokk E, F eða G, vegna framkvæmdarráðstöfunar um vishönnun sem er samþykkt samkvæmt tilskipun 2009/125/EB, þá skal sýna flokkinn eða flokkana sem um er að ræða á merkimiðanum í gráu, eins og tilgreint er í viðeigandi framseldri gerð. Merkimiðinn með gráum flokkum skal aðeins gilda um nýjar vörueiningar, sem settar eru á markað eða sem teknar eru í notkun.

11. Ef ómögulegt er, af tæknilegum ástæðum, að skilgreina sjö orkuflokka, sem samsvara verulegum orkusparnaði og kostnaðarlækkunum frá sjónarmiði viðskiptavinar, þá má merkimiðinn innihalda færri flokka, þrátt fyrir ákvæði 14. liðar 2. gr. Í slíkum tilvikum þá skal halda litakvarða merkimiðans frá dökkgrænum yfir í rauðan.

12. Framkvæmdastjórnin skal beita þeim heimildum og skyldum sem henni eru faldar með þessari grein í samræmi við 16. gr.

13. Þegar kvarða á merkimiða er breytt, skv. 1. eða 3. mgr., gildir eftirfarandi:

a) Þegar birgirinn setur vöru á markað skal hann láta seljanda í té bæði núverandi merkimiða og merkimiðann með breyttum kvarða sem og vöruupplýsingablaðið á tímabili sem hefst fjórum mánuðum fyrir þá dagsetningu sem hefja á birtingu merkimiðans með breyttum kvarða samkvæmt viðeigandi framseldri gerð.

Ef núverandi merkimiði og merkimiðinn með breyttum kvarða krefjast mismunandi prófunar á tegundinni, þá getur birgirinn valið, þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessa liðar, að gefa ekki út núverandi merkimiða fyrir einingar af tegund, sem settar eru á markað eða teknar eru í notkun á fjögurra mánaða tímabilinu fyrir dagsetninguna þegar hefja á birtingu merkimiðans með breyttum kvarða samkvæmt viðeigandi framseldri gerð, ef einingar af sömu tegund eða sambærilegar tegundir hafa ekki verið settar á markað eða teknar í notkun áður en þetta fjögurra mánaða tímabil hefst. Í því tilviki skal seljandi ekki bjóða þessar einingar til sölu fyrir þá dagsetningu. Birgirinn skal upplýsa viðkomandi seljanda um þessar afleiðingar eins fljótt og auðið er, þ.m.t. hvenær hann væntir þess að bæta slíkum einingum við í tilboð sín til seljenda.

b) Birgirinn skal afhenda merkimiðann með breyttum kvarða fyrir vörur sem settar eru á markað eða sem teknar eru í notkun fyrir þetta fjögurra mánaða tímabil ef seljandi óskar eftir því, í samræmi við 2. mgr. 3. gr., frá upphafi þessa tímabils. Fyrir slíkar vörur skal seljandi fá merkimiða með breyttum kvarða í samræmi við 2. mgr. 5. gr.

Þrátt fyrir fyrstu undirgrein þessa liðar gildir eftirfarandi:

i. seljanda, sem getur ekki fengið merkimiða með breyttum kvarða, í samræmi við fyrstu undirgrein þessa liðar, fyrir einingar, sem eru þegar til á lager hans, sökum þess að birgirinn hefur hætt starfsemi, skal eingöngu heimilt að selja þær einingar sem eru með merkimiða án breytts kvarða í níu mánuði eftir þá dagsetningu sem hefja á birtingu merkimiðans með breyttum kvarða samkvæmt viðeigandi framseldri gerð eða

- ii. ef merkimiðinn án breytts kvarða og merkimiðinn með breyttum kvarða krefjast mismunandi prófunar á tegundinni þá er birgirinn undanþeginn þeirri skyldu að gefa út merkimiða með breyttum kvarða fyrir einingar sem settar eru á markað eða tekningar eru í notkun fyrir þetta fjögurra mánaða tímabil, að því gefnu að einingar af sömu tegund eða sambærilegar tegundir eru ekki settar á markað eða tekningar í notkun eftir að þetta fjögurra mánaða tímabil hefst; í því tilviki skal seljanda heimilt að selja einingar, sem eru eingöngu með merkimiða án breytts kvarða, í níu mánuði eftir dagsetninguna sem hefja á birtingu á merkimiðanum með breyttum kvarða samkvæmt viðeigandi framseldri gerð,
- c) seljandi skal skipta út núverandi merkimiðum á vörum í útstillingu, bæði í verslunum og á Netinu, fyrir merkimiða með breyttum kvarða innan 14 vinnudaga eftir þá dagsetningu sem hefja á birtingu merkimiðans með breyttum kvarða, samkvæmt viðeigandi framseldri gerð. Seljandi skal ekki birta merkimiðann með breyttum kvarða fyrir þá dagsetningu.

Þrátt fyrir a-, b- og c-lið þessarar málsgreinar má í framseldum gerðum, sem um getur í e-lið 3. mgr. 16. gr., kveða á um sértækar reglur varðandi orkumerkimiða, sem prentaðir eru á umbúðirnar.

12. gr.

Vörugagnagrunnur

1. Framkvæmdastjórnin skal koma á fót og halda úti vörugagnagrunni sem samanstendur af opnum hluta, hluta varðandi reglugjöfn og vefgátt sem veitir aðgang að báðum þessum hlutum.

Vörugagnagrunnurinn skal hvorki koma í staðinn fyrir né breyta ábyrgð markaðseftirlitsyrvalda.

2. Vörugagnagrunnurinn skal þjóna eftirfarandi tilgangi:

- a) styðja markaðseftirlitsyrvöld við framkvæmd verkefna sinna samkvæmt þessari reglugerð og viðeigandi framseldum gerðum, þ.m.t. framfylgd þeirra,
- b) veita almenningi upplýsingar um vörur sem settar eru á markað, um orkumerkimiða þeirra og vöruupplýsingablöð,
- c) veita framkvæmdastjórninni uppfærðar upplýsingar um orkunýtni vara í því skyni að endurskoða orkumerkimiða þeirra.

3. Opni hluti gagnagrunnsins og vefgáttin skulu innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram annars vegar í 1. lið og hins vegar í 2. lið I. viðauka, sem skulu gerðar aðgengilegar öllum. Opni hluti gagnagrunnsins skal uppfylla þær viðmiðanir sem getið er í 7. málsgrein þessarar greinar og þær starfrænu viðmiðanir sem getið er í 4. lið I. viðauka.

4. Eingöngu markaðseftirlitsyrvöld og framkvæmdastjórnin skulu hafa aðgang að þeim hluta vörugagnagrunnsins er varðar reglugjöfn og skal hann innihalda þær upplýsingar sem settar eru fram í 3. lið I. viðauka, þ.m.t. þeir sértæku hlutar tæknigagnanna sem um getur í 5. lið þessarar greinar. Sá hluti gagnagrunnsins er varðar reglugjöfn skal uppfylla þær viðmiðanir sem getið er í 7. og 8. málsgrein þessarar greinar og þær starfrænu viðmiðanir sem getið er í 4. lið I. viðauka.

5. Skyldubundnir, sértækir hlutar tæknigagnanna, sem birgirinn á að færa inn í gagnagrunninn, skulu aðeins gilda um eftirfarandi:

- a) almenna lýsingu á tegundinni, þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,
- b) tilvísanir í þá samræmda staðla sem beitt er eða annarra mælingastaðla sem notaðir eru,
- c) sérstakar varúðarráðstafanir sem gera skal þegar tegundin er sett saman, sett upp, henni haldið við eða hún prófuð,
- d) mælda tæknilega mælipætti tegundarinnar,
- e) útreikningana, sem gerðir eru út frá mældum mælipáttum,
- f) prófunarskýrði, ef þeim er ekki nægilega vel lýst í b-lið.

Auk þessa má birgirinn að eigin frumkvæði hala upp viðbótarhlutum tæknigagnanna í gagnagrunninn.

6. Þegar gögn, önnur en þau sem tilgreind eru í 5. mgr., eða gögn sem eru ekki aðgengileg í opna hluta gagnagrunnsins, verða nauðsynleg fyrir markaðseftirlitsyrvöld og/eða framkvæmdastjórnina til að þau geti annast verkefni sín samkvæmt þessari reglugerð þá skulu þau geta fengið þau frá birginum samkvæmt beiðni.

7. Vörugagnagrunninum skal komið á fót í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:
- minnkun stjórnarsýsluálags á birginn og aðra notendur gagnagrunnsins,
 - notendavænleika og kostnaðarhagkvæmni og
 - koma sjálfkrafa í veg fyrir óþarfa skráningar.
8. Þeim hluta gagnagrunnsins er varðar reglufylgni skal komið á fót í samræmi við eftirfarandi viðmiðanir:
- vernd gegn óráðgerðri notkun og verndun trúnaðarupplýsinga með ströngum öryggisráðstöfunum,
 - aðgangsréttur á grundvelli meginreglunnar um vitneskjuþörf,
 - vinnsla persónuupplýsinga í samræmi við reglugerð (EB) nr. 45/2001 og tilskipun 95/46/EB, eftir því sem við á,
 - takmörkun aðgangs að gögnum til að koma í veg fyrir afritun stærri gagnamengja,
 - rekjanlegur aðgangur að gögnum fyrir birginn með tilliti til tæknigagna hans.
9. Meðhöndla skal gögnin í þeim hluta gagnagrunnsins er varðar reglufylgni í samræmi við ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2015/443 ⁽¹⁾. Einkum skulu sértækar netöryggisráðstafanir í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar (ESB, KBE) 2017/46 ⁽²⁾ og framkvæmdarreglum hennar gilda. Stig trúnaðarkvaðar skal endurspeglja það tjón sem hlýst af ef óviðkomandi aðilar fá aðgang að upplýsingunum.
10. Birgirinn skal hafa aðgang að þeim upplýsingum sem hann setur inn í vörugagnagrunninn skv. 1. og 2. mgr. 4. gr., og geta gert breytingar á þeim. Breytingar skulu skráðar vegna markaðseftirlits og haldið skal utan um dagsetningar hvers kyns breytinga.
11. Viðskiptavinir sem nota opna hluta vörugagnagrunnsins skulu auðveldlega geta greint besta orkuflokkinn fyrir hvern vöruflokk, sem gerir þeim kleift að bera saman eiginleika tegunda og velja vörur með bestu orkunýtnina.
12. Framkvæmdastjórnin skal hafa heimild til að tilgreina, með framkvæmdargerðum, rekstrarleg atriði varðandi vörugagnagrunninn. Að höfðu samráði við samráðsvettvanginn, sem kveðið er á um í 14. gr., skulu þessar framkvæmdargerðir samþykktar í samræmi við rannsóknarmálsmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 18. gr.

13. gr.

Samhæfðir staðlar

- Eftir að framkvæmdastjórnin hefur samþykkt framselda gerð skv. 16. gr. þessarar reglugerðar, þar sem settar eru sértækar kröfur um merkingar, þá skal hún, í samræmi við reglugerð (ESB) nr. 1025/2012, birta tilvísanir í samhæfða staðla, sem uppfylla viðeigandi kröfur framseldu gerðarinnar um mælingar og útreikninga í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.
- Þegar slíkum samhæfðum stöðlum er beitt meðan á samræmismati vöru stendur þá skal tegundin teljast samræmast við-eigandi kröfum framseldu gerðarinnar um mælingar og útreikninga.
- Samhæfðir staðlar skulu miða að því að líkja eftir raunverulegri notkun, að því marki sem hægt er, en viðhalda á sama tíma staðlaðri prófunaraðferð. Prófunaraðferðirnar skulu enn fremur taka tillit til tilheyrandi kostnaðar fyrir atvinnulíf og lítil og meðalstór fyrirtæki.
- Mæli- og útreikningsaðferðir, sem eru í samhæfðu stöðlunum, skulu vera áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar, og skulu vera í samræmi við kröfur 4. og 5. mgr. 3. gr.

(1) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2015/443 frá 13. mars 2015 um öryggismál í framkvæmdastjórninni (Stjútíð. ESB L 72, 17.3.2015, bls. 41).

(2) Ákvörðun ráðsins (ESB, KBE) 2017/46 frá 10. janúar 2017 um öryggi fjarskipta- og upplýsingakerfa í framkvæmdastjórn Evrópusambandsins (Stjútíð. ESB L 6, 11.1.2017, bls. 40).

14. gr.

Samráðsvettvangur

1. Framkvæmdastjórnin skal gæta að því í störfum sínum samkvæmt þessari reglugerð, að því er varðar hverja framselda gerð, sem samþykkt er skv. 16. gr., og hverja framkvæmdargerð, sem samþykkt er skv. 12. mgr. 12. gr. þessarar reglugerðar, að jafnvægi sé í þáttöku fulltrúa aðildarríkjanna og viðkomandi hagsmunaaðila að því er varðar viðkomandi vöruflokk, s.s. atvinnulífið, þ.m.t. lítil og meðalstór fyrirtæki og handverksfyrirtæki, stéttarfélög, kaupmenn, smásalar, innflytjendur, umhverfisverndarsamtök og neytendasamtök. Framkvæmdastjórnin skal, í þessum tilgangi, koma á fót samráðsvettvangi þar sem þessir aðilar hittast. Þessi samráðsvettvangur skal sameinaður þeim samráðsvettvangi sem um getur í 18. gr. tilskipunar 2009/125/EB.

2. Eftir því sem við á skal framkvæmdastjórnin, við undirbúning framseldra gerða, prófa hönnun og innihald merkimiðanna fyrir sérstaka vöruflokka á hópa dæmigerðra viðskiptavina í Sambandinu til að tryggja að þeir skilji merkimiðana til hlítar.

15. gr.

Vinnuáætlun

Að höfðu samráði við samráðsvettvanginn, sem um getur í 14. gr., skal framkvæmdastjórnin koma á vinnuáætlun til langs tíma, sem skal gerð aðgengileg öllum. Í vinnuáætluninni skal setja fram viðmiðunarskrá yfir vöruflokka sem teljast hafa forgang við samþykkt framseldra gerða. Í vinnuáætluninni skal einnig setja fram áætlanir fyrir endurskoðun og breytingu á kvarða merkimiða fyrir vöruflokka í samræmi við 4. og 5. mgr. 11. gr., að undanskildum breytingum á kvarða merkimiða sem voru í gildi 1. ágúst 2017 en kveðið er á um breyttan kvarða þeirra í 11. gr. þessarar reglugerðar.

Framkvæmdastjórnin skal uppfæra vinnuáætlunina reglulega að höfðu samráði við samráðsvettvanginn. Vinnuáætlunina má sameina við vinnuáætlunina sem krafist er skv. 16. gr. tilskipunar 2009/125/EB og skal hún endurskoðuð á þriggja ára fresti.

Framkvæmdastjórnin skal með reglulegu millibili gera Evrópuþinginu og ráðinu grein fyrir árangri við framkvæmd vinnuáætlunarinnar.

16. gr.

Framseldar gerðir

1. Framkvæmdastjórnin hefur vald til að samþykkja framseldar gerðir í samræmi við 17. gr. í því skyni að bæta við þessa reglugerð með því að ákvarða ítarlegar kröfur varðandi merkimiða fyrir tiltekna vöruflokka.

2. Framseldu gerðirnar, sem um getur í 1. mgr., skulu tilgreina þá vöruflokka sem uppfylla eftirfarandi viðmiðanir:

- a) vöruflokkurinn skal, samkvæmt nýjustu tiltækum tölum og að teknu tilliti til magnsins sem sett er á markað í Sambandinu, hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og, þar sem við á, sparnaði á öðrum aðföngum,
- b) innan vöruflokksins skal vera marktækur munur á tegundum með sambærilega virkni varðandi nothæfisstig,
- c) verð og vistferilskostnaður vöruflokksins ekki skal ekki verða fyrir umtalsverðum, neikvæðum áhrifum,
- d) innleiðing krafna um orkumerkingar fyrir vöruflokk skal ekki hafa umtalsverð, neikvæð áhrif á virkni vörunnar við notkun.

3. Í framseldum gerðum sem tengjast tilteknum vöruflokkum skal einkum tilgreina:

- a) skilgreiningu á tilteknum vöruflokki sem fellur undir skilgreininguna á „orkutengdum vörum“ sem sett er fram í 1. skilgreiningarlíð 2. gr. og sem til stendur að verði felldur undir ítarlegar kröfur um merkingar,

- b) hönnun og innihald merkimiðanna, þ.m.t. kvarði sem sýnir orkunotkun frá A til G, sem skulu hafa eins samræmda hönnun fyrir alla vöruflokkana og mögulegt er og skulu í öllum tilvikum vera skýrir og læsilegir. Flokkunarþrepi A til G skulu svara verulegum orkusparnaði og kostnaðarlækkunum og viðeigandi vöruaðgreiningu út frá sjónarmiði viðskiptavinarins. Þar skal einnig tilgreina hvernig flokkunarþrepi A til G og, ef við á, viðkomandi orkunotkun eru sýnd á áberandi stað á merkimiðanum,
- c) eftir því sem við á, notkun annarra aðfanga og viðbótarupplýsinga varðandi vöruna, en þá skal lögð áhersla á orkunýtni vörunnar á merkimiðanum. Viðbótarupplýsingar skulu vera ótvíræðar og ekki hafa neikvæð áhrif á skiljanleika og skilvirkni merkimiðans í heild sinni með tilliti til viðskiptavina. Upplýsingarnar byggjast á gögnum um eðliseiginleika vörunnar sem markaðseftirlitsyfyrvöld geta mælt og sannprófað,
- d) eftir því sem við á, tilvísun á merkimiðann sem gerir viðskiptavinum kleift að þekkja orkusnjallar vörur, þ.e.a.s. sem geta sjálfkrafa breytt og hámarkað eigið notkunarmynstur til að bregðast við ytra áreiti (t.d. merkjum frá eða í gegnum miðlægt orkustjórnunarkerfi á heimili, verðteiknum, beinum stjórnunarkerkjum, staðbundnum mælingum) eða geta afhent aðra þjónustu sem eykur orkunýtni og útbreiðslu endurnýjanlegrar orku, í því skyni að bæta umhverfisáhrif af völdum orkunotkunar í öllu orkukerfinu,
- e) staðsetningar þar sem sýna skal merkimiðann, t.d. festur á vörueninguna þar sem hann verður ekki fyrir hnjaski, prentaður á umbúðirnar, veittur á rafrænu formi eða birtur á Netinu, að teknu tilliti til krafna 1. mgr. 3. gr. og afleiðinga fyrir viðskiptavini, birgja og seljendur,
- f) eftir því sem við á, rafrænar aðferðir til að merkja vörur,
- g) hvernig merkimiðinn og vöruupplýsingablaðið eiga að vera þegar um er að ræða fjarsölu,
- h) það innihald, sem krafist er, og, eftir því sem við á, snið og önnur atriði varðandi vöruupplýsingablaðið og tæknigögnin, þ.m.t. möguleikann á að færa mælipætti vöruupplýsingablaðsins inn í gagnagrunninn, í samræmi við 1. mgr. 3. gr.,
- i) vikmörk sannprófana, sem aðildarríkin eiga að nota þegar þau sannprófa að farið sé að kröfum,
- j) með hvaða hætti orkuflokkurinn og nýtniflokkarnir, sem koma fram á merkimiðanum, birtast í sjónrænum auglýsingum og tæknilegu kynningarefni, þ.m.t. læsileiki og sýnileiki,
- k) hvaða mæli- og útreikningsaðferðir, skv. 13. gr., á að nota til að ákvarða hvaða upplýsingar eigi að koma fram á merkimiðanum og vöruupplýsingablaðinu, þ.m.t. skilgreining á orkunýtnistuðlinum (EEI) eða sambærilegum mælipætti,
- l) hvort aukinnar orkunýtni sé krafist fyrir stærri tæki til að þau nái tilteknum orkuflokki,
- m) snið hvers kyns viðbótar tilvísana á merkimiðanum sem gerir viðskiptavinum kleift, með rafrænum hætti, að fá aðgang að frekari upplýsingum um orkunýtingu vörunnar sem kemur fram á vöruupplýsingablaðinu. Þessar tilvísanir mega vera í formi veffangs, kviklegs QR-kóða, hlekks á merkimiðum á Netinu eða hvers kyns annarrar viðeigandi aðferðar sem miðast við þarfir viðskiptavina,
- n) hvernig sýna ætti orkuflokka, sem lýsa orkunotkun vörunnar við notkun, á gagnvirkum skjá vörunnar, eftir því sem við á,
- o) hvenær fara skal fram mat á framseldu gerðinni og hugsanleg síðari endurskoðun,
- p) eftir því sem við á, mismunur á orkunýtingu á mismunandi loftslagssvæðum,
- q) með tilliti til kröfunnar um varðveislu upplýsinga í þeim hluta gagnagrunnsins er varðar reglufylgni í 6. mgr. 4. gr., varðveislutíma sem er styttri en 15 ár, eftir því sem við á í tengslum við meðalendingartíma vörunnar.
4. Framkvæmdastjórnin skal samþykka sérstaka framselda gerð fyrir hvern tiltekinn vöruflokk. Þegar framkvæmdastjórnin ákveður tímasetningu samþykktar á framseldu gerðinni fyrir tiltekinn vöruflokk þá skal hún ekki seinka samþykkt hennar af ástæðum er varða samþykkt framseldrar gerðar varðandi annan tiltekinn vöruflokk, nema sérstakar aðstæður gefi tilefni til annars.
5. Framkvæmdastjórnin skal halda uppfærða skrá yfir allar viðeigandi framseldar gerðir, sem og yfir ráðstafanir til fyllingar tilskipunar 2009/125/EB, þ.m.t. ítarlegar tilvísanir í alla viðeigandi samhæfða staðla.

*17. gr.***Beiting framsals**

1. Framkvæmdastjórninni er falið vald til að samþykkja framseldar gerðir að uppfylltum þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þessari grein.
2. Framkvæmdastjórnin skal hafa umboð til að samþykkja framseldar gerðir, sem um getur í 4. og 5. mgr. 11. gr. og í 16. gr., í sex ár á tímabili sem hefst 1. ágúst 2017. Framkvæmdastjórnin skal taka saman skýrslu að því er varðar framsal valds eigi síðar en níu mánuðum fyrir lok sex ára tímabilsins. Framsal valds skal framlengt með þegjandi samkomulagi um jafnlangan tíma nema Evrópuþingið eða ráðið andmæli þeirri framlengingu eigi síðar en þremur mánuðum fyrir lok hvers tímabils.
3. Evrópuþinginu eða ráðinu er hvenær sem er heimilt að afturkalla framsal valds sem um getur í 4. og 5. mgr. 11. gr. og 16. gr. Með ákvörðun um afturköllun skal bundinn endi á framsal valdsins sem tilgreint er í þeirri ákvörðun. Ákvörðunin öðlast gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins eða síðar, eftir því sem tilgreint er í ákvörðuninni. Hún skal ekki hafa áhrif á gildi neinna framseldra gerða sem þegar eru í gildi.
4. Framkvæmdastjórnin skal, áður en framseld gerð er samþykkt, hafa samráð við sérfræðinga sem hvert aðildarríki hefur tilnefnt í samræmi við meginreglurnar sem mælt er fyrir um í samstarfssamningnum milli stofnana um betri lagasetningu frá 13. apríl 2016. Samráð við sérfræðinga aðildarríkja skal fara fram að loknu samráði skv. 14. gr.
5. Um leið og framkvæmdastjórnin samþykkir framselda gerð skal hún samtímis tilkynna það Evrópuþinginu og ráðinu.
6. Framseld gerð, sem er samþykkt skv. 4. og 5. mgr. 11. gr. og 16. gr., skal því aðeins öðlast gildi að Evrópuþingið eða ráðið hafi ekki haft uppi nein andmæli innan tveggja mánaða frá tilkynningu um gerðina til Evrópuþingsins og ráðsins eða ef bæði Evrópuþingið og ráðið hafa upplýst framkvæmdastjórnina, áður en fresturinn er liðinn, um þá fyrirætlan sína að hreyfa ekki andmælum. Þetta tímabil má framlengja um tvo mánuði að frumkvæði Evrópuþingsins eða ráðsins.

*18. gr.***Nefndarmeðferð**

1. Framkvæmdastjórnin skal njóta aðstoðar nefndarinnar sem komið er á fót með 19. gr. tilskipunar 2009/125/EB. Sú nefnd skal vera nefnd í skilningi reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.
2. Þegar vísað er til þessarar málsgreinar gildir 5. gr. reglugerðar (ESB) nr. 182/2011.

*19. gr.***Mat og skýrslugjöf**

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 2. ágúst 2025, meta framkvæmd þessarar tilskipunar og leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið. Í þessari skýrslu skal vera mat á því að hve miklu leyti þessi reglugerð og framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, sem samþykktar eru samkvæmt henni, hafa gert viðskiptavinum kleift að velja orkunýtnari vörur, að teknu tilliti til áhrifa hennar á fyrirtæki, orkunotkun, losun gróðurhúsalofttegunda, markaðseftirlit og kostnaðinn við að koma á og viðhalda gagnagrunninum.

*20. gr.***Niðurfelling og umbreytingarráðstafanir**

1. Tilskipun 2010/30/ESB er felld úr gildi frá og með 1. ágúst 2017.
2. Líta ber á tilvísanir í niðurfelldu tilskipunina sem tilvísanir í þessa reglugerð og skulu þær lesnar með hliðsjón af samsvörunartöflunni í II. viðauka.

3. Að því er varðar tegundir, þar sem einingar voru settar á markað eða teknar í notkun í samræmi við tilskipun 2010/30/ESB fyrir 1. ágúst 2017, skal birgirinn, í fimm ár eftir að síðasta einingin var framleidd, veita aðgang að rafrænni útgáfu af tæknigögnunum til skoðunar innan tíu daga frá því að beiðni berst frá markaðseftirlitsyfirvöldum eða framkvæmdastjórninni.

4. Framseldar gerðir, samþykktar skv. 10. gr. tilskipunar 2010/30/ESB og tilskipun 96/60/EB, skulu gilda áfram uns þær eru niðurfelldar með framseldri gerð, sem samþykkt er skv. 16. gr. þessarar reglugerðar og tekur til viðeigandi vöruflokks.

Skyldur samkvæmt þessari reglugerð gilda að því er varðar vöruflokka sem falla undir framseldar gerðir, sem samþykktar eru skv. 10. gr. tilskipunar 2010/30/EB og tilskipun 96/60/EB.

5. Þegar framkvæmdastjórnin samþykkir framseldar gerðir skv. 16. gr. þessarar reglugerðar þá má sú orkunýtniflokkun, sem komið var á með tilskipun 2010/30/ESB, þrátt fyrir b-lið 3. mgr. 16. gr. þessarar reglugerðar, gilda áfram með tilliti til vöruflokka, sem falla þegar undir framseldar gerðir, sem samþykktar eru skv. 10. gr. tilskipunar 2010/30/ESB eða samkvæmt tilskipun 96/60/EB, fram að þeim degi sem framseldar gerðir um innleiðingu merkimiða með breyttum kvarða, skv. 11. gr. þessarar reglugerðar, koma til framkvæmda.

21. gr.

Gildistaka og framkvæmd

Reglugerð þessi öðlast gildi á fjóra degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. ágúst 2017.

Þrátt fyrir aðra málsgrein gildir 4. gr. varðandi skyldur birgja í tengslum við vörugagnagrunninn frá 1. janúar 2019.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 4. júlí 2017.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

A. TAJANI

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

M. MAASIKAS

forseti.

I. VIÐAUKI

UPPLÝSINGAR SEM FÆRA Á INN Í VÖRUGAGNAGRUNNINN OG STARFRÆNAR VIÐMIÐANIR FYRIR OPNA HLUTA GAGNAGRUNNSINS

1. Upplýsingar sem birgirinn á að færa inn í opna hluta gagnagrunnsins:
 - a) nafn eða vörumerki birgis, heimilisfang, samskiptaupplýsingar og annað lögmætt auðkenni,
 - b) tegundarauðkenni,
 - c) merkimiðinn á rafrænu formi,
 - d) orkunýtniflokkur/-flokkar og aðrir mæliþættir á merkimiðanum,
 - e) mæliþættir vöruupplýsingablaðsins á rafrænu formi.
2. Upplýsingar sem framkvæmdastjórnin á að færa inn í vefgáttina:
 - a) samskiptaupplýsingar markaðseftirlitsyfirvalda aðildarríkjanna,
 - b) vinnuáætlun skv. 15. gr.,
 - c) fundargerðir samráðsvettvangsins,
 - d) skrá yfir framseldar gerðir og framkvæmdargerðir, bráðabirgða mæli- og útreikningsaðferðir og gildandi samhæfðir staðlar.
3. Upplýsingar sem birgirinn á að færa inn í þann hluta gagnagrunnsins er varðar reglufylgni:
 - a) tegundarauðkenni allra sambærilegra tegunda sem hafa þegar verið settar á markað,
 - b) tæknigögn eins og lýst er í 5. mgr. 12. gr.

Framkvæmdastjórnin skal gefa upp hlekk að upplýsinga- og fjarskiptakerfinu um markaðseftirlit (ICSMS) sem inniheldur niðurstöður úr eftirliti aðildarríkjanna með því að farið sé að kröfum og þær bráðabirgðaráðstafanir sem hafa verið samþykktar.
4. Starfrænar viðmiðanir fyrir opna hluta vörugagnagrunnsins:
 - a) hægt skal vera að sækja hverja vörutegund sem sér færslu,
 - b) ein skrá skal gerð fyrir orkumerkimiða hversrar tegundar, sem hægt er að skoða, hala niður og prenta út, sem og útgáfur á mismunandi tungumálum af vöruupplýsingablaðinu í heild sinni á öllum opinberum tungumálum Sambandsins,
 - c) upplýsingarnar skulu vera á tölvulesanlegu formi, flokkanlegar og leitarbærar og virða opna staðla fyrir gjaldfrjálsa notkun þriðju aðila,
 - d) þjónustuborði á Netinu eða tengilið fyrir birginn skal komið á fót og viðhaldið, og skal þeirra greinilega getið á vefgáttinni.

II. VIÐAUKI

SAMSVÖRUNARTAFLA

Tilskipun ráðsins 2010/30/ESB	Þessi reglugerð
1. mgr. 1. gr.	1. mgr. 1. gr.
2. mgr. 1. gr.	—
a- og b-liður 3. mgr. 1. gr.	a- og b-liður 2. mgr. 1. gr.
c-liður 3. mgr. 1. gr.	—
2. gr.	2. gr.
a-liður 2. gr.	1. liður 2. gr.
b-liður 2. gr.	22. liður 2. gr.
c-liður 2. gr.	—
d-liður 2. gr.	—
e-liður 2. gr.	—
f-liður 2. gr.	—
g-liður 2. gr.	13. liður 2. gr.
h-liður 2. gr.	14. liður 2. gr.
i-liður 2. gr.	8. liður 2. gr.
j-liður 2. gr.	9. liður 2. gr.
k-liður 2. gr.	—
3. gr.	7. gr.
a-liður 1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 7. gr.
b-liður 1. mgr. 3. gr.	c-liður 6. gr.
c-liður 1. mgr. 3. gr.	3. mgr. 7. gr.
d-liður 1. mgr. 3. gr.	2. mgr. 8. gr.
2. mgr. 3. gr.	b-liður 6. gr. og 9. gr.:
3. mgr. 3. gr.	1. mgr. 8. gr.
4. mgr. 3. gr.	—
a-liður 4. gr.	5. gr.
b-liður 4. gr.	—
c-liður 4. gr.	a-liður 6. gr.
d-liður 4. gr.	a-liður 6. gr.
5. gr.	1. mgr. 3. gr. og 6. gr.
a-liður 5. gr.	a-liður 1. mgr. 3. gr.
i., ii., iii. og iv. liður b-liðar 5. gr.	6. mgr. 4. gr. og I. viðauki
c-liður 5. gr.	6. mgr. 4. gr.
d-liður 5. gr.	1. mgr. 3. gr.
Önnur undirgrein d-liðar 5. gr.	1. mgr. 3. gr.
e-liður 5. gr.	1. mgr. 3. gr.
f-liður 5. gr.	—
g-liður 5. gr.	1. mgr. 3. gr.
h-liður 5. gr.	—
6. gr.	1. mgr. 5. gr. og 6. gr.
a-liður 6. gr.	a-liður 1. mgr. 5. gr.
b-liður 6. gr.	a-liður 1. mgr. 5. gr.

Tilskipun ráðsins 2010/30/ESB	Þessi reglugerð
7. gr.	e- og g- liður 3. mgr. 16. gr.
1. mgr. 8. gr.	1. mgr. 7. gr.
2. mgr. 8. gr.	—
3. mgr. 9. gr.	2. mgr. 7. gr.
4. mgr. 9. gr.	—
1. mgr. 10. gr.	16. gr.
Önnur málsgrein 1. mgr. 10. gr.	2. mgr. 16. gr.
Þriðja málsgrein 1. mgr. 10. gr.	—
Fjórtða málsgrein 1. mgr. 10. gr.	c-liður 3. mgr. 16. gr.
a-liður 2. mgr. 10. gr.	a-liður 2. mgr. 16. gr.
b-liður 2. mgr. 10. gr.	b-liður 2. mgr. 16. gr.
c-liður 2. mgr. 10. gr.	—
a-liður 3. mgr. 10. gr.	—
b-liður 3. mgr. 10. gr.	—
c-liður 3. mgr. 10. gr.	14. gr.
d-liður 3. mgr. 10. gr.	—
a-liður 4. mgr. 10. gr.	a-liður 3. mgr. 16. gr.
b-liður 4. mgr. 10. gr.	k-liður 3. mgr. 16. gr.
c-liður 4. mgr. 10. gr.	h-liður 3. mgr. 16. gr.
d-liður 4. mgr. 10. gr.	b-liður 3. mgr. 16. gr.
Önnur málsgrein d-liðar 4. mgr. 10. gr.	—
Þriðja málsgrein d-liðar 4. mgr. 10. gr.	b-liður 3. mgr. 16. gr.
Fjórtða málsgrein d-liðar 4. mgr. 10. gr.	3. mgr. 11. gr.
Fimmta málsgrein d-liðar 4. mgr. 10. gr.	11. gr.
e-liður 4. mgr. 10. gr.	e-liður 3. mgr. 16. gr.
f-liður 4. mgr. 10. gr.	h-liður 3. mgr. 16. gr.
g-liður 4. mgr. 10. gr.	j-liður 3. mgr. 16. gr.
h-liður 4. mgr. 10. gr.	3. mgr. 11. gr.
i-liður 4. mgr. 10. gr.	i-liður 3. mgr. 16. gr.
j-liður 4. mgr. 10. gr.	o-liður 3. mgr. 16. gr.
1. mgr. 11. gr.	2. mgr. 17. gr.
2. mgr. 11. gr.	5. mgr. 17. gr.
3. mgr. 11. gr.	1. mgr. 17. gr.
1. mgr. 12. gr.	3. mgr. 17. gr.
2. mgr. 12. gr.	—
3. mgr. 12. gr.	3. mgr. 17. gr.
13. gr.	6. mgr. 17. gr.
14. gr.	19. gr.
15. gr.	4. mgr. 7. gr.
16. gr.	—
17. gr.	20. gr.
18. gr.	21. gr.
19. gr.	21. gr.
I. viðauki	—
—	I. viðauki
II. viðauki	II. viðauki